

10. gr.

Framantalin gjöld samkvæmt 8. gr. eru miðuð við byggingavísitölu 229 stig 1. október 1985 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna eins og hún er 1. október ár hvert.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000, -fimmtíu þúsund krónum-nema þyngri refsing liggir við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Vatnsveitu Höfðahrepps, Höfðakaupstað, nr. 285 23. júní 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1986.

F.h.r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Línadal.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands
á fiskiskipum nr. 338/1978.**

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 30 000 kr. á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 3 000 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 60 000.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 9 000 000 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 850 á rúmlest af tréskipum og kr. 425 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 127 500 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær sem ákveðnar eru í 1. og 3. gr. gilda frá 1. janúar 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. mars 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.